

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Egilsstaðir, 6. september 2022
UST202205-360/F.Æ.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 24.8.2022 – urðunarstaður Skútustaðahrepps, Kollóttuöldu

Þann 24. ágúst sl. fór fram eftirlit í urðunarstað Skútustaðahrepps í Kollóttuöldu. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Sjö ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Sækja þarf um handhafabreytingu ef reka á urðunarstaðinn á annarri kennitölu en upphaflega var sótt um.
- 2) Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið
- 3) Samþykkja og birta þarf gjaldskrá fyrir urðunarstaðinn
- 4) Urða skal þann úrgang sem er á svæðinu (sé það heimilt)
- 5) Svæðið skal vera afgirt
- 6) Vinna skal vera á ábyrgð tilgreinds starfsmanna sem hafi þá kunnáttu sem tilgreind er í starfsleyfi
- 7) Ýmis gögn skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, er varðar gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstaðnum má einungis taka á mót og urða óvirkur úrgang. Óheimilt er að geyma úrgang, nema ómengaðan jarðveg sem nýttur er til frágangs, á urðunarstaðnum. Við eftirlit var malbik á urðunarstaðnum, en það telst ekki óvirkur úrgangur.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu fráviki í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. september 2022.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur